

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 4. júní 2018
UST201805-323/B.S.
10.05.01

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Efnistaka við Eyri. Frummatsskýrsla. Umsögn

Vísða er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 22. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda frummatsskýrslu.


Ráðgert er að taka 520.000 m³ af mól á næstu 10 árum. Þetta er til viðbótar við 80.000 m³ sem þegar er búið að taka á þessu svæði. Alls er talið að um milljón rúmmetra af efni sé að finna á fyrirhuguðu efnistökusvæði.


Allar tegundir sem fundust á rannsóknarsvæðinu eru algengar á grunnsævi við Ísland. Ekki fundust lifandi kalkþörunar í og við fyrirhugað efnistökusvæði. Ekki er talið að seiði nytjafiska sé að finna á svæðinu. Efnistökkunni verður hagað þannig að efni verður tekið nokkuð djúpt og með fláa 1:5 – 1:6. Með þeim hætti er talið að unnt verði að draga úr neikvæðum áhrifum á botndýralíf, minni hætta verður á skriði efnis og minni hætta verður á að landbrot verði vegna efnistökkunnar. Kynntir hafa verið aðrir mögulegir valkostir og er svæðið við Eyri talið besti kosturinn.

Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu sé fjallað á fullnægjandi hátt um áhrif efnistökkunnar á vistkerfi og búsvæði, fyrirkomulag til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar og frágang efnistökusvæðisins. Frummatsskýrslan er vel uppsett og skýr. Sérstaklega eru góðar myndir og landlíkan af botni Reyðarfjarðar.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri